

Reykjavík, 5. mars 2010

FRÉTT

Bankarnir ógna samkeppni

Nýtt frumvarp viðskiptaráðherra um lög um fjármálafyrirtæki setur bönkum ekki nægilega skýr skilyrði varðandi eignarhald fyrirtækja

- Tryggja verður samkeppnissjónarmið með skýrari hætti í lögum – það verður að vera óumdeilt að bankar stuðli ekki að óheilbrigðum viðskiptaháttum í gegnum eignarhald.
- Löggjafanum ber setja að skýrar línur varðandi hvað hann telur „tímabundna“ eign banka í atvinnufyrirtækjum – það á ekki að vera túlkunatriði bankanna sjálfra.
- Heilu atvinnugreinarnar mótast nú af því að þar eru fyrirtæki í eigu banka og skilanefnda í samkeppni við einkaaðila og í innbyrðis samkeppni. Það skapar viðvarandi óvissu og bjagar eðlilega samkeppni. Nefna má bílamarkaðinn og markað með ritföng sem dæmi um þetta. Því miður eru dæmin mun fleiri.
- Veita þarf Samkeppniseftirlitinu auknar heimildir – og fjármálafyrirtækjum aukið aðhald. Æskilegt er að frumvarpið breytist í meðförum þingsins.

Félag atvinnurekenda (FA) gagnrýnir nýtt frumvarp viðskiptaráðherra og telur að verði það að lögum þá fái bankarnir frítt spil á næstu árum. Frumvarpið tekur til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki og hefur það verið í smíðum í viðskiptaráðuneytinu í tæpt ár. Í áliti sem FA hefur skilað til viðskiptanefndar Alþingis er gagnrýnt að í frumvarpinu sé fátt sem takmarki hversu lengi bankarnir geti átt fyrirtæki í atvinnurekstri eða hvenær þau skuli seld. Nauðsynlegt sé að setja bönkunum mun þrengri ramma um inngrip í samkeppnismarkaði.

Í verklagsreglum fjármálafyrirtækja er sagt að „stefna skal að því að selja eignarhluti í fyrirtækjum eins fljótt og hagkvæmt er.“ Þetta orðalag er ekki fullnægjandi. Óeðlilegt er að hagkvæmnissjónarmið banka séu sett ofar öðrum sjónarmiðum. Almannahagsmunir hljóta að þurfa að koma þarna til álita – helst með skýrum leikreglum sem sett eru af stjórnvöldum. Samkeppniseftirlitið hefur í auknum mæli sett bönkum takmarkanir vegna eignarhalds í fyrirtækjum. Mikilvægt er að Samkeppniseftirlitið fái auknar heimildir til að fylgja slíkum málum eftir.

Almar Guðmundsson:

„Félagsmenn í Félagi atvinnurekenda eru mjög uggandi vegna þessa máls. Þeir telja að ríkisstjórnin hafi lofað að standa vörð um samkeppni. Eðlilegast sé að fyrirtæki í eigu bankanna séu seld í opnu og gagnsæju ferli og tryggt sé með lögum að hlutverk bankanna sé að lána íslensku atvinnulífi – en ekki reka það. Reynslan af hinu síðarnefnda er slæm.“

Frekari upplýsingar veitir:

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda í s. 618-2898